

Nd.

557. Nefndarálit

[119. mál]

um frv. til laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur kynnt sér frumvarp þetta ýtarlega og m. a. fengið ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga og forstöðumann Innheimtustofnunar Reykjavíkurborgar til viðtals við sig um frumvarpið.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með svofelldri

BREYTINGU:

Í síðustu málsgrein 5. gr. falli niður orðin „banka og sparisjóði“.

Tveir nefndarmanna, Matthías Bjarnason og Stefán Valgeirsson, áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið eða styðja breytingartillögur, ef fram kynnu að koma.

Jón Kjartansson og Jónas Árnason voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. marz 1971.

Guðl. Gíslason,	Bragi Sigurjónsson,	Geir Hallgrímsson.
form.	fundaskr., frsm.	
Stefán Valgeirsson.	Matthías Bjarnason.	